

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 16. ágúst 2017 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-56/2016.

I

Álitaefni og kröfugerð

Þann 12. júlí 2016 bað X, hér eftir nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á öryggisgleri og festingum af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi segir að verulegur dráttur hafi orðið á afhendingu festinganna og krefst skaðabóta vegna tjóns af þeim sökum. Þá krefst álitsbeiðandi þess að seljandi greiði fyrir uppsetningu á glerinu.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 9. ágúst 2016 var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og honum veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Andsvör seljanda bárust ekki. Frekari athugasemdir bárust frá álitsbeiðanda þann 25. ágúst 2016. Með bréfi, dags. 11. ágúst 2017, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi keypti 10 mm öryggisgler og 12 stykki festingar fyrir glerið af seljanda þann 23. maí 2016 fyrir 82.006 krónur. Átti að afhenda hið selda eftir tvær vikur. Þann 20. júní 2016 kveðst álitsbeiðandi hafa fengið smáskilaboð um að pöntun hans væri tilbúin til afhendingar, auk þess sem tekið var fram að ef varan yrði ekki sótt innan 10 daga yrði krafist geymslugjalds. Þann 22. júní mætti álitsbeiðandi til að sækja vöruna og greiða fyrir hana. Bað álitsbeiðandi starfsmann seljanda um að fá að sjá festingarnar áður en til afhendingar kæmi, þar sem seljandi hafi ekki átt þær á lager við pöntun, en það var ekki mögulegt að sögn starfsmannsins þar sem festingarnar voru inni á lager með pöntuninni. Þegar álitsbeiðandi kom á lagerinn var aðeins glerið tilbúið en festingarnar fundust hins vegar ekki.

Samkvæmt sölumanni áttu festingarnar að koma 4. júlí en álitsbeiðandi heyrði ekki frá seljanda þann dag. Ákvað álitsbeiðandi að mæta til seljanda tveimur dögum síðar þann 6. júlí en þar fékk hann þær upplýsingar frá sölumanni að hann vissi ekki um festingarnar en þær yrðu sendar með hraðsendingu þar sem eitthvað hafi farið úrskeiðis. Álitsbeiðandi mætti tvisvar til viðbótar á starfsstöð seljanda að ná í festingarnar en þær voru ekki komnar.

Þann 12. júlí var álitsbeiðanda tjáð að festingarnar væru komnar, þremur vikum eftir upphafleg skilaboð um að pöntunin væri klár. Álitsbeiðandi kveðst hafa óskað eftir því að seljandi myndi greiða fyrir uppsetningu á glerinu en því hafi hann neitað. Seljandi neitaði einnig kröfu álitsbeiðanda um auka afslátt vegna biðarinnar og vegna ferða álitsbeiðanda fram og til baka til seljanda í von um að sækja festingarnar.

Álitsbeiðandi krefst þess fyrir kærunefndinni að seljandi greiði fyrir uppsetningu á glerinu í sumarbústað hans, en samkvæmt tveimur smiðum kostar það 15.000 krónur að hans sögn. Þess er einnig krafist að seljandi greiði geymslugjald fyrir glerið, en álitsbeiðandi varð að setja glerið í geymslu á Selfossi í 20 daga þar sem festingarnar voru ekki komnar, sem kostaði 1.000 krónur á dag. Bendir álitsbeiðandi á að honum hefði ella verið gert að greiða geymslugjald hjá seljanda ef hann hefði ekki sótt glerið sem var samkvæmt gögnum málsins

100 krónur á dag fyrir hvern fermeter. Þá krefst álitsbeiðandi þess einnig að seljandi greiði eldsneytiskostnað vegna keyrslu hans með glerið í geymslu á Selfoss og fyrir endurteknar ferðir til seljanda, alls 10.000 krónur. Krafa álitsbeiðanda er samtals að fjárhæð 45.000 krónur.

Þann 25. ágúst 2016 bárust frekari athugasemdir frá álitsbeiðanda en hann greindi þá frá því að hann hafi loks fengið iðnaðarmann í verkið. Þá kom í ljós að það vantaði ákveðið gúmmí í festingarnar og seljandi gaf þær upplýsingar að ein eða tvær vika væru í að gúmmíin myndu berast. Vildi álitsbeiðandi að þessu yrði bætt við álitsbeiðni sína.

IV

Niðurstaða kærunevndarinnar

Kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nevndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Líkt og áður segir keypti álitsbeiðandi öryggisgler og festingar hjá seljanda þann 23. maí 2016 og átti pöntunin að vera afhent álitsbeiðanda tveimur vikum síðar að hans sögn. Álitsbeiðandi fékk glerið ekki afhent fyrr en 22. júní og festingar fyrir glerið voru afhentar þann 12. júlí 2016. Álitsbeiðandi telur sig hafa orðið fyrir tjóni vegna þessa dráttar, þar sem hann varð að greiða fyrir geymslu glersins í 20 daga og greiða eldsneytiskostnað við að keyra glerið í geymslu. Þá kveðst álitsbeiðandi einnig hafa orðið fyrir tjóni vegna eldsneytiskostnaðar við að keyra til og frá seljanda í von um að festingarnar væru komnar.

Kærunevndin telur að ákvæði 19. og 24. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) eigi við í málinu, en þar segir:

„19. gr. Úrræði neytanda við greiðsludrátt.

Ef hlutur er ekki afhentur eða hann er afhentur of seint og ekki er neytanda um að kenna eða atvikum sem hann varða getur neytandi:

a. haldið eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 20. gr.;

b. krafist efnda samkvæmt ákvæðum 21. gr.;

c. krafist riftunar samkvæmt ákvæðum 23. gr.;

d. krafist skaðabóta samkvæmt ákvæðum 24. gr. [...]

24. gr. Skaðabætur.

Neytandi getur krafist skaðabóta vegna þess tjóns sem hann bíður vegna greiðsludráttar af hálfu seljanda.

Ákvæði 1. mgr. gildir þó ekki ef seljandi sýnir fram á að greiðsludráttur hafi orðið vegna hindrunar sem hann fékk ekki ráðið við eða ekki er með sanngirni unnt að ætlast til að hann hefði haft hindrunina í huga við samningsgerð eða getað komist hjá eða sigrast á afleiðingum hennar.

Ef greiðsludrátt má rekja til þriðja manns sem seljandi hefur falið að efna kaupin að nokkru leyti eða öllu er seljandi því aðeins laus undan ábyrgð að þriðji maður væri það einnig samkvæmt reglu 2. mgr. Sama gildir ef greiðsludrátt má rekja til afhendingaraðila sem seljandi hefur notað eða til einhvers annars á fyrra sölustigi. Lausn undan ábyrgð er til staðar meðan hindrun er fyrir hendi. Falli hún brott er unnt að koma fram ábyrgð, enda sé seljanda þá skylt að efna kaupin en hann láti það hjá líða.

Um fjárhæð skaðabóta fer samkvæmt reglum XI. kafla.“

Í málinu liggur ekkert fyrir sem sannar það að varan hafi átt að berast tveimur vikum eftir að álitsbeiðandi pantaði hana og kemur ekkert fram um það í reikningi vegna

viðskiptanna. Er það því ekki staðfest í málinu hvort um raunverulegan afhendingardrátt er að ræða af hálfu seljanda. Þar sem seljandi hefur ekki sent nefndinni andsvör í málinu verður hins vegar litið til frásagnar álitsbeiðanda við úrlausn málsins um að varan hafi átt að vera afhent tveimur vikum eftir pöntun hans þann 23. maí 2016. Úrlausn málsins miðar því við að afhending hafi átt að fara fram 6. júní 2016 og var dráttur á fullri afhendingu samkvæmt því í einn mánuð og sex daga, rúmlega þrefaldann þann biðtíma sem álitsbeiðandi gerði ráð fyrir í upphafi.

Álitsbeiðandi kveðst hafa orðið fyrir tjóni vegna afhendingardráttar á festingunum og krefst skaðabóta sem hann telur að seljanda beri að bæta, sbr. 24. gr. nkpl. Tjón álitsbeiðanda er að hans sögn vegna eldsneytiskostnaðar við að keyra glerið í geymslu á Selfossi, geymslukostnaðar í 20 daga og kostnaðar vegna keyrslu fram og til baka frá seljanda.

Þegar dráttur verður á afhendingu getur það valdið neytanda margvíslegu fjárhagslegu tjóni, en það er hins vegar undir neytanda komið að sanna að hann hafi raunverulega orðið fyrir tjóni vegna afhendingardráttarins og að seljandi beri ábyrgð á því.

Krafa álitsbeiðanda um skaðabætur, vegna eldsneytiskostnaðar við flutning glersins til Selfoss, er ekki studd neinum gögnum né útskýringum sem geta lagt grunn að tilvist skaðabótakröfu í málinu. Ekki liggur fyrir hvar sumarbústaður álitsbeiðanda er eða hvers vegna glerið var sett í geymslu á Selfossi. Verður ekki séð að seljanda beri að greiða eldsneytiskostnað vegna þeirrar keyrslu, auk þess sem engin gögn liggja fyrir sem staðreyna raunverulegan kostnað við kaup á eldsneyti í þessum tilgangi. Hið sama má segja um eldsneytiskostnað vegna keyrslu til og frá seljanda, auk þess sem ekki liggur fyrir hvers vegna álitsbeiðandi keyrði til seljanda í stað þess að hafa samband við hann með öðrum leiðum og óska upplýsinga um hvort festingarnar væru komnar. Verður því að hafna þeirri kröfu álitsbeiðanda.

Álitsbeiðandi krefst þess einnig að seljandi greiði fyrir uppsetningu glersins en engar skýringar eða gögn hafa verið lögð fyrir nefndina sem styðja þá kröfu. Fyrir liggur að álitsbeiðandi keypti gler hjá seljanda en ekkert bendir til þess að seljandi hafi átt að setja upp glerið. Verður ekki séð á hverju álitsbeiðandi byggir þá kröfu sína og verður því að hafna henni.

Álitsbeiðandi krefst þess að lokum að seljandi greiði fyrir kostnað vegna geymslu glersins í 20 daga, alls 20.000 krónur. Í málinu liggur fyrir reikningur sem staðfestir að glerið var í geymslu í 21 dag og kostnaður þess var 21.000 krónur, einum degi lengur en krafa álitsbeiðanda tekur til. Móttakandi greiðslunnar er Stóra Paradís. Af því sem fram hefur komið í málinu telur nefndin sannað að álitsbeiðandi hafi orðið fyrir tjóni vegna afhendingardráttarins í formi útlagðs kostnaðar við geymslu glersins. Verður krafa álitsbeiðanda um greiðslu geymslukostnaðar í 20 daga því samþykkt.

V

Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda X, 20.000 krónur vegna geymslukostnaðar. Öðrum kröfum álitsbeiðanda er hafnað.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson